# Nefndarálit Bjarna, Brynjólfs Bjarnasonar o.fl. um frumvarp til stjórnskipunarlaga 8. sept. 1942

Bjarni Benediktsson - Nefndarálit Bjarna, Brynjólfs Bjarnasonar o.fl. um frumvarp til stjórnskipunarlaga 8. sept. 1942

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-9, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndarálit
um frv. til stjórnarskipunarlaga
um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins
Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjskpl. 24. mars 1934
og 1. sept. 1942. Frá stjórnarskrárnefnd.

A. m. k. hafa til þessa engin andmæli komið fram gegn því, að svo bæri að haga meðferð málsins.

Alt til þessa hafa landsmenn verið sammála um, að sjálfstæðismálið yrði eigi leitt til lykta og lýðveldi á Íslandi eigi stofnað nema með breytingu á stjórnarskránni. Nú er því í fyrsta skifti haldið fram af sumra hálfu, að þetta sé hægt að gera með einfaldri þingsamþykkt. Þeir sem þessu halda fram, rugla saman annarsvegar því, sem gera má til bráðabirgða sem neyðarráðstöfun, og hinsvegar því, sem gera þarf til að koma þessum málum í fast stjórnskipulegt horf. Ef fallist væri á þessa ~~firru, sem einstaka Framsóknarmenn hafa nú fundið upp~~, þá mætti með sama rétti breyta til frambúðar öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, eins og t.d. kjördæmaskipuninni, með einfaldri þingsamþykkt. Sú leið, sem sumir Framsóknarmenn benda nú á, liggur því ekki að endanlegri lausn sjálfstæðismálsins heldur í átt upplausnar og öryggisleysis.

einkennilegu skoðun

Með því frv. sem hér liggur fyrir, er aftur á móti ~~[illegible]~~ greitt fyrir fullnaðarafgreiðslu sjálfstæðismálsins. Ef ekkert væri í málinu aðgert nú, eins og minni hluti nefndarinnar, fulltrúar Framsóknarflokksins virðast vilja, þá þarf til endanlegrar afgreiðslu þess samþykki eins alþingis, þingrof og almennar kosningar, samþykki hins nýja alþingis á frv. óbreyttu og staðfestingu handhafa konungsvaldsins. Auk þessa ~~hafa allir verið sammála um~~, að áður en málinu væri endanlega til lykta ráðið, skuli um það ganga þjóðaratkvæði eða um það haldinn þjóðfundur. Í stað þessarar margbrotnu meðferðar er með þessu frv. löghelgað, að til fullnaðarafgreiðslu málsins sé nægilegt, að eitt alþingi samþykki hana og hún verði síðan samþykt við einfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Þarf ekki að eyða orðum að því, hvor leiðin sé greiðfærari né að því, að nú er í fyrsta sinn ráðgert, að hið endanlega takmark verði ákveðið í sjálfri stjórnarskránni.

hefir almennt verið svo ráð fyrir gert

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hitt er rétt, að meiri hluti nefndarinnar hefði miklu heldur kosið að samþykkja nú frv. um sjálfa fullnaðarafgreiðslu málsins. Gegn þessu eru samt veigamiklar ástæður, sem gera að verkum, að ~~hæpið er~~ þessir telja, að samþykkt slíks frv. nú mundi flýta endanlegri lausn málsins, enda naumast líklegt, að eining hefði fengist um bráðabirgðalausn. Jafnvel þótt engin önnur atvik kæmi þar til, mundi slíkt frv. eins og þegar er sagt ekki öðlast gildi fyr en eftir, að næsta þing hefði samþykkt það á ný, það verið staðfest á venjulegan hátt og væntanlega eftir að hafa hlotið samþykki þjóðarinnar við almenna atkvæðagreiðslu. Ef frv. það, sem nú liggur fyrir, verður samþykkt, er unt að afgreiða sjálft aðal-málið á næsta þingi og skjóta því síðan þegar undir atkvæði þjóðarinnar.

Með þessu frv. er því hægt að ljúka málinu nákvæmlega jafnfljótt og þótt sú leið væri farin, sem í upphafi var fyrirhuguð. ~~Hitt er annað hvort fært þykir að afgreiða málið til fulls á næsta þingi.~~ Hitt er á valdi næsta þings, að ákveða, hvort fært þykir að afgreiða málið frá þegar. Það fer m.a. eftir því, hvort þjóðin stendur einhuga um ~~málið~~ það. Þess verður því að vænta, að sú tilraun, sem ~~nú er af annara hálfu~~ hefir verið gerð til að vekja sundrungu og ófrið um ~~það~~ málið, verði látin niður falla. Einhuga þjóð getur miklu til vegar komið, sem sundraðri mistekst.

~~Nefndin leggur til að frv. og~~

Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til þeirra upplýsinga, sem af hálfu flokkanna hafa komið fram í umræðunum leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Alþingi 8. sept. 1942.

Bjarni Benediktsson, formaður og frsm. Brynjólfur Bjarnason

[illegible signature]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur